

Nd.

137. Nefndarálit

[99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að taka það framkvæmdalán, allt að 2 millj. sterlingspunda, sem um getur í frv.

Ég tel ekki vafa á því, að full þörf sé fyrir þetta lánsfé. Ráðstafanir í efnahagsmálum, sem gerðar hafa verið á þessu kjörtímabili, hafa valdið gífurlegum vexti dýrtíðarinnar, og af þeim sökum hrekkur innlent fjármagn miklu skemmra en áður til að mæta þörfinni fyrir framkvæmdafé. Er því enn meiri þörf en áður fyrir erlent lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda og uppbyggingar atvinnuveganna. Og þó að hér sé um mikið fé að ræða, sem áformað er að taka að láni erlendis, er hætt við, að það reynist ófullnægjandi til að mæta þörfinni fyrir stofnfé til þýðingarmestu framkvæmda næstu árin.

Upphaflega var gert ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu, að ríkisstjórnin ein skipti lánsfénu milli einstakra framkvæmda. En í efri deild var frv. breytt þannig, að skipting lánsfjárins skyldi ákveðin í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur. Ég tel breytingu efri deildar á frumvarpinu til bóta, en þó ekki fullnægjandi. Eina eðlilega aðferðin við skiptingu lánsfjárins er sú, að Alþingi ákveði skiptinguna með lögum. Þetta er auðvelt að gera síðar á þessu þingi.

Það er því tillaga mín til þingdeildarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Fyrsti málsliður 2. málgr. orðist svo:

Alþingi ákveður með sérstökum lögum skiptingu lánsfjárins.

Alþingi, 22. nóv. 1962.

Skúli Guðmundsson.